

Skýrsla stjórnarformanns til aðalfundar Skólaskrifstofu Austurlands

Skriðuklaustri 11.11 2013

Á yfirstandandi ári hefur framkvæmdastjórn Skólaskrifstofunnar komið saman á tveimur fundum og 1 stjórnarfundur verið haldinn.

Starfsemi Skólaskrifstofunnar hefur á starfsárinu verið í nokkuð föstum skorðum hvað varðar daglegan rekstur. Það fyrirkomulag sem sveitarstjórnarmenn á Austurlandi ákváðu árið 2010, þ.e. að vista málefni fatlaðra hjá Skólaskrifstofunni og að fela félagsþjónustusvæðunum tveimur (Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs og Félagsþjónustu Fjarðabyggðar) sýnist í öllum meginatriðum hafa tekist vel. Við yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga var ákvæði um fjárhagslegt endurmat á árangri tilfærslunnar og er vinna við matið hafið.

Í framkvæmdaráði hefur nokkuð verið rætt um flæði fjármagns til reksturs málefna fatlaðra málaflokksins og hvort fjármagnið myndi um of sjóð innan Skólaskrifstofunnar, t.d. gæti digur sjóður í áramótastöðu að mati einhverra sýnt að þetta svæði væri vel haldið hvað varðaði fjármagn til málaflokksins. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að nokkur sjóður verði tímabundið til og þá þarf fjármagn að vera til staðar til að bregðast við óvæntri og þá oft kostnaðarsamri þjónustu eða breyttum aðstæðum fólks, en sameiginlegt markmið allra sem að málum koma er að sem mest af fjármagni málaflokksins fari í þjónustu við notendur. Þá gerir það alla áætlanagerð erfiðari hversu liðið er á fjárhagsárin, þegar Jöfnunarsjóður skilar upplýsingum um framlög til rekstur málaflokksins.

Ekkert hefur þokast varðandi það að réttlát framlög fáist til að mæta breytingarkostnaði (húsnæðis) sem félagsþjónustusvæðin tvö urðu fyrir við yfirtöku málefna fatlaðra og nú helst að heyra að alfarið eigi að snúa frá fyrirheitum um að sá kostnaður verði bættur og fjármunum sem ætlaðir voru í verkefnið verði beint í almennan rekstur verkefna.

Með tímabundinni ráðningu sálfræðings til Skólaskrifstofunnar hefur unnist mjög niður biðlisti eftir sálfræðiþjónustu og ánægjulegt að sjá að þetta átak sem aðildarsveitarfélögin samþykktu fjármagn til, skilar svo góðum árangri.

Að venju leggur framkvæmdastjóri Skólaskrifstofunnar fram skýrslu um starfsemina á aðalfundi og eins og jafnan áður er skýrslan framkvæmdastjóra ítarleg og gerir margþættri starfsemi góð og upplýsandi skil.

Skólaskrifstofan er mönnuð góðu fagfólki og eru því færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf.